

AUGLÝSING
um samning við Evrópusambandið um öryggisverklag
vegna skipta á trúnaðarupplýsingum.

Samningur milli lýðveldisins Íslands og Evrópusambandsins um öryggisverklag vegna skipta á trúnaðarupplýsingum, sem gerður var í Lúxemborg 12. júní 2006, öðlaðist gildi 1. mars 2007.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 7. desember 2022.

F. h. r.
Martin Eyjólffson.

Anna Jóhannsdóttir.

Fylgiskjal 1.

**SAMNINGUR
MILLI LÝÐVELDISINS ÍSLANDS
OG EVRÓPUSAMBANDSINS
UM ÖRYGGISVERKLAG
VEGNA SKIPTA Á TRÚNAÐARUPPLÝSINGUM**

LÝÐVELDIÐ ÍSLAND,

annars vegar, og

EVROÐPUSAMBANDIÐ, hér á eftir nefnt „ESB“, sem formennskuríki ráðs Evrópusambandsins er í forsvari fyrir,

hins vegar,

hér á eftir nefndir „samningsaðilarnir“,

SEM HAGA Í HUGA að lýðveldið Ísland og ESB deila þeim markmiðum að efla öryggi sitt í hvívetna og að sjá til þess að borgarar sínir séu að mestu óhultir innan tiltekins öryggissvæðis,

SEM HAGA Í HUGA að lýðveldið Ísland og ESB eru því sammála að auka beri samráð og efla samvinnu þeirra í milli um sameiginlega hagsmuni á sviði öryggismála,

SEM HAGA Í HUGA að í þessu tilliti sé nauðsynlegt til frambúðar að lýðveldið Ísland og ESB hafi skipti á trúnaðarupplýsingum,

SEM VIÐURKENNA að gagnert og virkt samráð og samvinna kunni að útheimta aðgang að trúnaðarupplýsingum og efni frá Íslandi og frá ESB, auk þess að lýðveldið Ísland og ESB hafi skipti á trúnaðarupplýsingum og efni þeim tengdu,

SEM GERA SÉR LJÓST að aðgangur að og skipti á trúnaðarupplýsingum og efni þeim tengdu útheimta að gerðar séu viðeigandi öryggisráðstafanir,

HAGA ORÐIÐ ÁSÁTT UM EFTIRFARANDI:

1. gr.

Til þess að því markmiði að efla öryggi hvors samningsaðila um sig í hvívetna verði náð tekur samningur þessi til trúnaðarupplýsinga eða efnis í hvaða mynd sem er, hvort sem samningsaðilarnir láta þær eða það hvor öðrum í té eða hafa skipti á þeim eða því.

2. gr.

Í samningi þessum merkir „trúnaðarupplýsingar“ allar upplýsingar (þ.e. vitneskju sem unnt er að senda í hvaða mynd sem er) eða efni sem ákveðið hefur verið að óheimilt verði að greina frá og auðkennt er þannig með því að skipa því í öryggisflokk (hér á eftir nefnt „trúnaðarupplýsingar“).

3. gr.

Í samningi þessum merkir „ESB“ ráð Evrópusambandsins (hér á eftir nefnt „ráðið“), aðalframkvæmdastjóra/talsmann og aðalskrifstofu ráðsins og framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (hér á eftir nefnd „framkvæmdastjórn EB“).

4. gr.

Hvor samningsaðili um sig skal:

- a) vernda og standa vörð um trúnaðarupplýsingar sem samningur þessi gildir um og hinn samningsaðilinn lætur fyrstnefnda samningsaðilanum í té eða hefur skipti á við hann,
- b) tryggja að trúnaðarupplýsingar, sem samningur þessi gildir um og lánar eru í té eða skipst er á, haldist í þeim öryggisflokk sem samningsaðilinn, sem það gerði, setur þær í. Samnings-

aðilinn, sem tekur við trúnaðarupplýsingunum, skal vernda og standa vörð um þær eins og reglur hans um öryggi upplýsinga og efnis í sambærilegum öryggisflokki mæla fyrir um og fram kemur í þeirri öryggistilhögun sem skal komið á skv. 11. og 12. gr.,

- c) eigi nota trúnaðarupplýsingar, sem samningur þessi gildir um, í öðrum tilgangi en þeim sem upphaflegur sendandi þeirra tilgreinir og þeim tilgangi sem er ástæða þess að upplýsingarnar eru afhentar eða skipti eru höfð á þeim,
- d) eigi greina þriðju aðilum, eða stofnun eða einingu innan ESB sem ekki er getið í 3. gr., frá fyrrnefndum trúnaðarupplýsingum, sem samningur þessi gildir um, án fyrirframsamþykkis upphaflega sendandans.

5. gr.

1. Annar samningsaðilinn, „afhendingaraðilinn“, getur greint hinum samningsaðilanum, „viðtökuaðilanum“, frá trúnaðarupplýsingum eða sýnt honum þær samkvæmt meginreglunni um forræði upphaflegs sendanda.
2. Þegar sýna á viðtakendum, öðrum en aðilum að samningi þessum, trúnaðarupplýsingar mun viðtökuaðilinn taka ákvörðun, að fengnu samþykki afhendingaraðilans, um að greina frá slíkum upplýsingum eða sýna þær samkvæmt meginreglunni um forræði upphaflegs sendanda eins og hún er skilgreind í reglum hans um öryggi.
3. Þegar beita á ákvæðum 1. og 2. mgr. getur almenn sýning ekki farið fram nema samningsaðilarnir komi á og samþykki starfshætti viðvíkjandi tilteknum flokkum upplýsinga, þ.e. starfshætti sem tengjast verklagskröfum þeirra.

6. gr.

Hvor samningsaðili um sig skal, ásamt einingum sínum skv. 3. gr., vinna eftir öryggisskipulagi og öryggisáætlunum, sem eru byggð á grundvallarreglum og lágmarkskröfum um öryggi sem beita ber innan öryggiskerfa samningsaðilanna sem skal byggja upp skv. 11. og 12. gr., í því skyni að tryggja að trúnaðarupplýsingar, sem samningur þessi gildir um, séu verndaðar á sambærilegan hátt.

7. gr.

1. Samningsaðilarnir skulu tryggja að allir þeir einstaklingar sem þarfnast aðgangs, þegar þeir gegna opinberum störfum sínum, eða sem sinna skyldum eða hlutverkum sem veita aðgang, að trúnaðarupplýsingum, sem látnar eru í té eða skipst er á samkvæmt samningi þessum, hafi hlotið öryggisvottun með tilhlýðilegum hætti áður en þeir fá aðgang að fyrrnefndum upplýsingum.
2. Öryggisvottunin skal miða að því að komast að því hvort tiltekinn einstaklingur geti haft aðgang að trúnaðarupplýsingum, að teknu tilliti til hollustu hans, trúverðugleika og áreiðanleika.

8. gr.

Samningsaðilarnir skulu veita hvor öðrum aðstoð við að tryggja öryggi trúnaðarupplýsinga, sem samningur þessi gildir um, og vegna mála sem varða öryggishagsmuni beggja. Þau yfirvöld sem skilgreind eru í 11. gr. skulu efna til gagnkvæms samráðs um öryggi og eftirlit með því í því skyni að meta skilvirkni þeirrar öryggistilhögunar sem hver þeirra um sig eru ábyrg fyrir og skal komið á skv. 11. og 12. gr.

9. gr.

1. Að því er samning þennan varðar:
 - a) Þegar um ESB ræðir:
 - skulu öll bréf send ráðinu á eftirfarandi pósthfang:

Council of the European Union
 Chief Registry Officer
 Rue de la Loi/Wetstraat, 175
 B-1048 Brussels.

Yfirmaður skráningarmála hjá ráðinu skal framsenda aðildarríkjunum og framkvæmdastjórn EB öll bréf með fyrirvara um ákvæði 2. mgr.

- b) Þegar um lýðveldið Ísland ræðir: skulu öll bréf stíluð á Director of the Political Department of the Ministry for Foreign Affairs of the Republic of Iceland og send áfram fyrir atbeina fastanefndar Íslands hjá Evrópu-sambandinu á eftirfarandi pósthfang:

Mission of Iceland to the European Union
Registry Officer
Rond Point Schuman 11
B-1040 Brussels.

2. Í undantekningartilvikum og af rekstrarlegum ástæðum er heimilt að stíla bréf frá öðrum samningsaðila, sem aðeins tilteknir bærir embættismenn, stofnanir eða opinberar þjónustur þess samningsaðila hafa aðgang að, á og gera aðgengileg fyrir tiltekna bæra embættismenn, stofnanir eða opinberar þjónustur hins samningsaðilans, sem eru sérstaklega tilnefndar sem viðtakendur, að teknu tilliti til hæfi þeirra og í samræmi við meginregluna um vitneskjuþörf. Að því er ESB varðar skal senda fyrrnefnd bréf fyrir atbeina yfirmanns skráningarmála hjá ráðinu.

10. gr.

Ráðuneytisstjóri utanríkisráðuneytis lýðveldisins Íslands skal, ásamt aðalframkvæmdastjóra ráðsins og aðalframkvæmdastjóra framkvæmdastjórnar EB, hafa yfirumsjón með framkvæmd samnings þessa.

11. gr.

Til þess að samningur þessi komi til framkvæmda:

1. skal utanríkisráðuneyti lýðveldisins Íslands, sem kemur fram í nafni ríkisstjórnar lýðveldisins Íslands og í umboði hennar, bera ábyrgð á þróun öryggistilhögunar sem þjónar þeim tilgangi að vernda og standa vörð um trúnaðarupplýsingar sem lýðveldinu Íslandi eru afhentar samkvæmt samningi þessum,
2. skal aðalskrifstofa embættis ráðsins á sviði öryggismála (hér á eftir nefnd „öryggismálaskrifstofan“), undir stjórn og fyrir hönd aðalframkvæmdastjóra ráðsins, sem kemur fram í nafni ráðsins og í umboði þess, vinna að þróun öryggistilhögunar sem þjónar þeim tilgangi að vernda og standa vörð um trúnaðarupplýsingar sem ESB eru afhentar samkvæmt samningi þessum,
3. skal öryggismálaskrifstofa framkvæmdastjórnarinnar, sem kemur fram í nafni framkvæmdastjórnar EB og í umboði þess, vinna að þróun öryggistilhögunar sem þjónar þeim tilgangi að vernda trúnaðarupplýsingar sem eru afhentar eða skipst er á samkvæmt samningi þessum innan framkvæmdastjórnar EB og athafnasvæðis hennar.

12. gr.

Samkvæmt öryggistilhögun þeirri sem koma ber á skv. 11. gr. með samningi milli hlutaðeigandi þriggja öryggisyfirvalda verða settar fram kröfur um gagnkvæma öryggisgæslu trúnaðarupplýsinga sem samningur þessi gildir um. Kröfur þessar skulu, að því er ESB varðar, vera með fyrirvara um samþykki öryggismálanefndar ráðsins.

13. gr.

Ábyrg öryggisyfirvöld, sem greint er frá í 11. gr., skulu koma á verklagi sem ber að fylgja þyki sannað eða leiki grunur á að trúnaðarupplýsingar, sem samningur þessi gildir um, hafi verið vasettar.

14. gr.

Þau yfirvöld sem annast öryggismál og greint er frá í 11. gr. skulu, áður en samningsaðilarnir láta hvor öðrum í té trúnaðarupplýsingar sem samningur þessi gildir um, vera á einu máli um að viðtöku-

aðilinn sé fær um að vernda upplýsingarnar, sem samningur þessi gildir um, og standa vörð um þær með þeim hætti að samræmist þeirri tilhögun sem koma ber á skv. 11. og 12. gr.

15. gr.

Samningur þessi kemur á engan hátt í veg fyrir að samningsaðilarnir geri aðra samninga um afhendingu eða skipti á trúnaðarupplýsingum, sem samningur þessi gildir um, að því tilskildu að þeir fari ekki í bága við ákvæði samnings þessa.

16. gr.

Leysa ber hvern þann ágreining sem upp kann að koma milli ESB og Lýðveldisins Íslands vegna túlkunar eða framkvæmdar samnings þessa með viðræðum milli samningsaðilanna.

17. gr.

1. Samningur þessi öðlast gildi fyrsta dag fyrsta mánaðar eftir að samningsaðilar hafa tilkynnt hvor öðrum um að málsmeðferð þeirra í þessu skyni sé lokið.
2. Heimilt er að endurskoða samning þennan, með hugsanlegar breytingar á honum í huga, að beiðni hvors samningsaðila sem er.
3. Sérhver breyting á samningi þessum skal vera skrifleg og gerð með samkomulagi milli samningsaðilanna. Breyting öðlast gildi jafnhliða því að samningsaðilarnir senda hvor öðrum tilkynningu eins og mælt er fyrir um í 1. mgr.

18. gr.

Öðrum samningsaðila er heimilt að segja samningi þessum upp með því að afhenda hinum skriflega tilkynningu þess efnis. Uppsögn öðlast gildi sex mánuðum eftir að hinn samningsaðilinn veitir tilkynningu um uppsögn viðtöku, en hefur engin áhrif á skuldbindingar sem þegar hefur verið stofnað til samkvæmt ákvæðum samnings þessa. Allar trúnaðarupplýsingar, sem látnar eru í té eða skipst er á samkvæmt samningi þessum, skal vernda framvegis í samræmi við ákvæði samningsins.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan.

Gjört í Lúxemborg hinn 12 júní 2006 í tvíriti á ensku.

Fyrir hönd Lýðveldisins Íslands

Fyrir hönd Evrópusambandsins

Gunnar Snorri Gunnarsson

Javier Solana

**AGREEMENT
BETWEEN THE REPUBLIC OF ICELAND
AND THE EUROPEAN UNION
ON SECURITY PROCEDURES FOR THE
EXCHANGE OF CLASSIFIED INFORMATION**

THE REPUBLIC OF ICELAND,

of the one part, and

THE EUROPEAN UNION, hereafter referred to as “the EU”, represented by the Presidency of the Council of the European Union

of the other part,

hereafter referred to as the “Parties”,

CONSIDERING THAT the Republic of Iceland and the EU share the objectives of strengthening their own security in all ways and to provide their citizens with a high level of safety within an area of security,

CONSIDERING THAT the Republic of Iceland and the EU agree that consultations and cooperation should be developed between them on questions of common interest relating to security,

CONSIDERING THAT, in this context, a permanent need therefore exists to exchange classified information between the Republic of Iceland and the EU,

RECOGNISING THAT full and effective consultation and cooperation may require access to Iceland and EU classified information and material, as well as the exchange of classified information and related material between the Republic of Iceland and the EU,

CONSCIOUS THAT such access to, and exchange of, classified information and related material require appropriate security measures,

HAVE AGREED AS FOLLOWS:

ARTICLE 1

In order to fulfil the objectives of strengthening the security of each of the Parties in all ways, this Agreement shall apply to classified information or material in any form either provided or exchanged between the Parties.

ARTICLE 2

For the purposes of this Agreement, classified information shall mean any information (namely, knowledge that can be communicated in any form) or material determined to require protection against unauthorised disclosure and which has been so designated by a security classification (hereafter “classified information”).

ARTICLE 3

For the purposes of this Agreement, “EU” shall mean the Council of the European Union (hereafter “Council”), the Secretary-General/High Representative and the General Secretariat of the Council, and the Commission of the European Communities (hereafter “European Commission”).

ARTICLE 4

Each Party shall:

- a) protect and safeguard classified information subject to this Agreement provided or exchanged by the other Party;

- b) ensure that classified information subject to this Agreement provided or exchanged keeps the security classification given to it by the providing Party. The receiving Party shall protect and safeguard the classified information according to the provisions set out in its own security regulations for information or material holding an equivalent security classification, as specified in the Security Arrangements to be established pursuant to Articles 11 and 12;
- c) not use such classified information subject to this Agreement for purposes other than those established by the originator and those for which the information is provided or exchanged;
- d) not disclose such classified information subject to this Agreement to third parties, or to any EU institution or entity not mentioned in Article 3, without the prior consent of the originator.

ARTICLE 5

1. Classified information may be disclosed or released, in accordance with the principle of originator control, by one Party, “the providing Party”, to the other Party, “the receiving Party”.
2. For release to recipients other than the Parties to this Agreement, a decision on disclosure or release of classified information shall be made by the receiving Party following the consent of the providing Party, in accordance with the principle of originator control as defined in its security regulations.
3. In implementing paragraphs 1 and 2, no generic release shall be possible unless procedures are established and agreed between the Parties regarding certain categories of information, relevant to their operational requirements.

ARTICLE 6

Each of the Parties, and entities thereof as defined in Article 3, shall have a security organisation and security programmes, based upon such basic principles and minimum standards of security which shall be implemented in the security systems of the Parties to be established pursuant to Articles 11 and 12, to ensure that an equivalent level of protection is applied to classified information subject to this Agreement.

ARTICLE 7

1. The Parties shall ensure that all persons who, in the conduct of their official duties require access, or whose duties or functions may afford access, to classified information provided or exchanged under this Agreement are appropriately security cleared before they are granted access to such information.
2. The security clearance procedures shall be designed to determine whether an individual can, taking into account his or her loyalty, trustworthiness and reliability, have access to classified information.

ARTICLE 8

The parties shall provide mutual assistance with regard to security of classified information subject to this Agreement and matters of common security interest. Reciprocal security consultations and inspections shall be conducted by the authorities as defined in Article 11 to assess the effectiveness of the Security Arrangements within their respective responsibility to be established pursuant to Articles 11 and 12.

ARTICLE 9

1. For the purpose of this Agreement:
 - a) As regards the EU:
all correspondence shall be sent to the Council at the following address:

Council of the European Union
Chief Registry Officer
Rue de la Loi/Wetstraat, 175
B-1048 Brussels.

All correspondence shall be forwarded by the Chief Registry Officer of the Council to the Member States and to the European Commission subject to paragraph 2.

- b) As regards The Republic of Iceland:
all correspondence shall be addressed to the Director of the Political Department of the Ministry for Foreign Affairs of the Republic of Iceland and forwarded, where appropriate, via the Mission of Iceland to the European Union, at the following address:

Mission of Iceland to the European Union
Registry Officer
Rond Point Schuman 11
B-1040 Brussels.

2. Exceptionally, correspondence from one Party which is only accessible to specific competent officials, organs or services of that Party may, for operational reasons, be addressed and only be accessible to specific competent officials, organs or services of the other Party specifically designated as recipients, taking into account their competencies and according to the need to know principle. As far as the EU is concerned, this correspondence shall be transmitted through the Chief Registry Officer of the Council.

ARTICLE 10

The Permanent Secretary of State of the Ministry for Foreign Affairs of the Republic of Iceland and the Secretaries-General of the Council and of the European Commission shall oversee the implementation of this Agreement.

ARTICLE 11

In order to implement this Agreement:

1. The Ministry for Foreign Affairs of the Republic of Iceland, acting in the name of the Government of the Republic of Iceland and under its authority, shall be responsible for developing security arrangements for the protection and safeguarding of classified information provided to the Republic of Iceland under this Agreement.
2. The General Secretariat of the Council Security Office (hereafter: "GSC Security Office"), under the direction and on behalf of the Secretary-General of the Council, acting in the name of the Council and under its authority shall be responsible for developing Security Arrangements for the protection and safeguarding of classified information provided to the EU under this Agreement;
3. The European Commission Security Directorate, acting in the name of the European Commission and under its authority, shall be responsible for developing Security Arrangements for the protection of classified information provided or exchanged under this Agreement within the European Commission and its premises.

ARTICLE 12

The Security Arrangements to be established pursuant to Article 11 in agreement between the three responsible security authorities concerned will lay down the standards of the reciprocal security protection for classified information subject to this Agreement. For the EU, these standards shall be subject to approval by the Council Security Committee.

ARTICLE 13

The responsible security authorities defined in Article 11 shall establish procedures to be followed in the case of proven or suspected compromise of classified information subject to this Agreement.

ARTICLE 14

Prior to the provision of classified information subject to this Agreement between the Parties, the responsible security authorities defined in Article 11 must agree that the receiving Party is able to protect and safeguard the information subject to this Agreement in a way consistent with the arrangements to be established pursuant to Articles 11 and 12.

ARTICLE 15

This Agreement shall in no way prevent the Parties from concluding other agreements relating to the provision or exchange of classified information subject to this Agreement provided that they do not conflict with the provisions of this Agreement.

ARTICLE 16

All differences between the EU and the Republic of Iceland arising out of the interpretation or application of this Agreement shall be dealt with by negotiation between the Parties.

ARTICLE 17

1. This Agreement shall enter into force on the first day of the first month after the Parties have notified each other of the completion of the internal procedures necessary for this purpose.
2. This Agreement may be reviewed for consideration of possible amendments at the request of either Party.
3. Any amendment to this Agreement shall only be made in writing and by common agreement of the Parties. It shall enter into force upon mutual notification as provided under paragraph 1.

ARTICLE 18

This Agreement may be denounced by one Party by written notice given to the other Party. Such denunciation shall take effect six months after receipt of notification by the other Party, but shall not affect obligations already contracted under the provisions of this Agreement. In particular, all classified information provided or exchanged pursuant to this Agreement shall continue to be protected in accordance with the provisions set forth herein.

IN WITNESS WHEREOF the undersigned, respectively duly authorised, have signed this Agreement.

Done at Luxembourg this twelfth day of June 2006 in two copies each in the English language.

For The Republic of Iceland

For the European Union

Gunnar Snorri Gunnarsson

Javier Solana